

SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/325**  
**komudagur 21.11.2013**

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10,

150 Reykjavík

b/t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, (nefnasvid@althingi.is)


Reykjanesbær 21.11.2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37.mál.**

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar þá ályktun sem gerð var á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var daganna 11.-12. október 2013 en þar skoraði aðalfundurinn á Alþingi og ríkisstjórnina að ganga enn ákveðnar til verks þegar kemur að framgangi þeirra verkefna sem snúa að Suðurnesjum. Fundurinn tók undir þau sjónarmið að flytja eigi verkefni á vegum ríkisins frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar og í því sambandi var bent á að Landhelgisgæsla Íslands á hvergi betur heima en á Suðurnesjum. Eins og fram kom í skýrslu sem þáverandi Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson lét gera, þá getur Landhelgisgæsla Íslands ekki vaxið þar sem hún er í dag, núverandi húsnæði hennar ófullnægjandi og ekki í samræmi við öryggisstaðla.

Stjórnin fagnar framkominni þingsályktunartillögu og hvetur Alþingi til að samþykka þingsályktunartillöguna. Framkvæmdastjóra falið að senda umsögn til nefndarsviðs Alþingis sem og þingmanna kjördæmisins.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum,

  
Berglind Kristinsdóttir,  
Framkvæmdastjóri.